

## REGLUGERÐ

### um fasteignaskatt í Bólstaðarhlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu.

Fasteignaskatt í Bólstaðarhlíðarhreppi, A.-Húnavatnssýslu skal innheimta með 300% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1968.*

**Magnús Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

Nr. 231.

24. júlí 1968.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Kvikmyndasafnið, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. júlí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Kvikmyndasafnið.

#### 1. gr.

Kvikmyndasafnið er stofnað af Þorgeiri Þorgeirssyni, Vonarstræti 12, Reykjavík.

#### 2. gr.

Kvikmyndasafnið er sjálfseignarstofnun, sem rekin verður undir eftirliti stjórnar kvikmyndaklúbbsins, en á ábyrgð framkvæmdastjóra þess.

#### 3. gr.

Kvikmyndasafninu eru í upphafi lagðar til eignar eintak af hverri kvikmynd, sem stofnandi hefur gert, svo og frumeintak heimildarkvikmynda hans um frumuppfærslu leikfélagsins Grímu á leikritinu Reiknivélin.

#### 4. gr.

Tilgangur kvikmyndasafnsins er að eignast og varðveita eintök kvikmynda, sem hafa kvikmyndasögulegt gildi eða sérstakt gildi fyrir sögu Íslands. Jafnframt skal það stuðla að rannsóknum á kvikmyndasögu og veita fræðslu um hana með útgáfu rita, fræðsluerindum, kvikmyndasýningum og umræðufundum.

#### 5. gr.

Kvikmyndasafninu er óheimil verzlun með þau eintök kvikmynda, sem það á og eignast, enda skal það starfa í samræmi við reglur alþjóðasambands slíkra stofnana (International Federation of Film Archives) og uppfylla skilyrði aðildar að alþjóðasamtökunum.